

## 92. héraðsþing UMSK – Þinggerð

92. ársþing UMSK var haldið miðvikudaginn 24. febrúar 2016 kl. 18.00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

### 1. Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Valdimar sagði m.a. að aðildarfélög innan UMSK væru 48, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 44 deildir. Félagsmenn eru 72.176 og þar af eru 29.035 iðkendur í 32 íþróttagreinum.

### 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Auði Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ. Tillaga um þingforseta samþykkt.

### 3. Kosning þingritara

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um þingritara, Margréti Björnsdóttur, ritara stjórnar UMSK.

Tillaga um þingritara samþykkt.

### 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, þá Birgi Bragason frá HK sem formann. Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt.

### 5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Þingforseti kvað þingið rétt boðað eða samkvæmt 5. gr. laga UMSK.

Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Formaður rakti helstu viðburði í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári UMSK.

### 6. Endurskoðaðir reikningar ársins 2015 lagðir fram

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK fór yfir endurskoðaða reikninga sambandsins. Samkvæmt ársreikningi 2015 voru rekstrartekjur krónur 77.938.291 og rekstrargjöld voru krónur 75.025.077. Hagnaður ársins var krónur 3.471.437.

## 7. Ávörp gesta

### 1. Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður í stjórn ÍSÍ

Fyrir hönd ÍSÍ, flytur hann kveðjur forseta, framkvæmdastjóra, stjórnar og starfsfólks.

Hafsteinn sagði m.a.

Það eru Olympíuleikar í sumar og margir vonsviknir yfir að handboltinn verði ekki með en spennandi að sjá hverjir aðrir koma til með að vinna sér rétt, nokkrir eru þegar búnir að því og við munum fylgjast með okkar fólki þarna suðurfrá. Lífshlaupinu var að ljúka, það var ágætis þátttaka þó að tíðarfarið hafi verið rysjótt þá voru hátt í 20 þúsund manns sem eru að taka þátt þannig að þetta hreyfir við einhverjum að vera með þetta átak þar sem við erum að reyna að virkja almenning til þátttöku þannig að þegar er verið að halda því fram að íþróttahreyfingin horfi einungis til þessa að fá afreksmennina til dáða og styðja við þá, þá megum við ekki gleyma því að þetta snýst um að fá fjöldann með líka og Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Kvannahlaupið o.fl. sem við erum að standa fyrir, það hvetur til þess að fá almenning til þess að standa aðeins upp úr stólnum eða sófanaum og fá þá hreyfingu sem á að gera okkur öllum gott.

Það var komið inn á Lottó og Getraunir hér áðan. Þetta eru tekjupóstar sem skipta okkur öll máli í þessari ágætu hreyfingu sem við erum að starfa í. Við þurfum að standa vörð um þessi fyrirtæki

okkar, það er að okkur sótt, sífellt. Munið þið það þegar þið ræðið við þá sem sitja á okkar ágæta Alþingi fyrir okkar hönd og stýra þar málum að þetta eru fyrirtæki sem skipta starfsemi okkar félaga miklu. Þið sjáið tekjupóstana sem eru að koma hérna inn og sem renna svo áfram út í hreyfinguna, þetta eru krónur sem munar um, þær koma ekki annars staðar frá það er alveg klárt. Ef þessar krónur fara til annara verka eða þá verður ekki léttur róður að finna aðra til þess að koma í þeirra stað. Höfum það hugfast.

Það ríður á varðandi þetta að við sýnum órofa samstöðu um það að þetta eru tekjustofnar sem eru okkar og eiga að vera það áfram.

Verið að taka upp nýtt tölvukerfi fyrir þessi fyrirtæki okkar og það er kostnaðarsamt og þá þurfum við að horfa að þessi kerfi koma til með að geta sinnt sínu hlutverki um nokkur ár enn og þannig að við erum að leggja í miklar fjárfestingar þannig að það er þá eins gott að þessi fyrirtæki okkar geti staðið af sér ólöglega erlenda samkeppni sem fær að þrífast hér í landi.

Til hamingju með glæsilega skýrslu, þetta er með flottari skýrslum sem eru gefnar út. Til hamingju með það. Ég er þessa heiðurs aðnjótandi að fá að taka þátt í að fara yfir reikninga ykkar með einum ágætum félaga okkar, töluglögnum manni frá Álfanesinu Kristjáni Sveinbjörnssyni en við höfum yfri nokkurra ára skeið setið saman og farið yfir reikninga og er gaman að fá að hafa smá hlutverk. Þegar maður rýnir í þessar tölur hér sem eru í þessari skýrslu um fjölda iðkenda, þá er eitt sem er athyglisvert. Hver er fjölmennasta greinin, hvar eru flestir iðkendur, hvaða íþróttagrein er stærst innan UMSK, það er ekki knattspyrnan, golfið hefur vinninginn og það munar 12. En það er athyglisvert að innan UMSK er golfíþróttin í fyrsta sæti. Mér finnst þetta vera athyglisverð upplýsing í ljósi þess mikla fjöldastarfs sem er í knattspyrnunni. Kannski ámyning um að menn þurfi eitthvað að skoða skráningartölurnar sínar þar sem að í mörgum félögum eru í hverjum flokki hvíllur fjöldi liða að athygli vekur á landsvísu.

Framkvæmdastjórn ISI hefur falið mér að vinna hér ákveðið embættisverk. Mér var falið að biðja **Jónas Steinar Ingimundarson í Stjórnunni** að koma hér upp. Jónas hefur starfað sem sjálfboðaliði fyrir Stjórnuna í aldarfjórðung. Fyrstu árin við undirbúning og framkvæmd kappleikja, dómgæslu og fleiru. Hann sat í meistaraflokksráðum, bæði í knattspyrnu og handknattleik auk þess að vera liðsstjóri í meistaraflokki karla í knattspyrnu. Í rúman áratug sat Jóhann í aðal- og varastjórn félagsins, síðustu fjögur árin sem formaður. Hafsteinn sæmdi hann **silfurmerki ÍSÍ**.

**Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu.** Gunna Stína eins og allir þekkja hana, er búin að lyfta grettistaki í uppbyggingu og rekstri Blakdeildar Aftureldingar. Eitt er að eiga sér draum og annað er síðan að fylgja málum eftir og sjá þá verða að veruleika en það hefur henni tekist. Hún hefur þann eldmóð sem þarf til að fylgja málum eftir og alltaf verið tilbúin að vinna að málefnum blaksins í Mosfellsbæ. Ásamt því að koma að blakinu hjá Aftureldingu er hún búin að vera mjög virkur þátttakandi hjá Blaksambandi Íslands þar sem hún hefur komið að skipulagningu og umsjón með krakkablakinu ásamt fleiru góðu fólki. Hafsteinn sæmdi hana **silfurmerki ÍSÍ**.

**Grétar Kristjánsson, Breiðabliki.** Hann er einn af þeim sem fyrstir léku knattspyrnu í nafni Breiðabliks og tók einnig þátt í frjálsum íþróttum. Grétar lék í fjölmörg ár með meistaraflokki félagsins og kom ennfremur að þjálfun yngri flokka. Hann var í forystusveit um uppbyggingu félagssvæðisins í Smáranum og sat í rekstrarnefnd Breiðabliks. Hafsteinn sæmdi hann **silfurmerki ÍSÍ**.

**Guðmundur Jónsson, Breiðabliki.** Hann spilaði knattspyrnu í yngri flokkum Breiðabliks og sat svo í stjórn knattspyrnudeildar um árabíl. Guðmundur var um áratugaskeið formaður rekstrarnefndar félagsins og hefur ennfremur veitt félaginu ómetanlega aðstoð við lögfræðileg úrlausnarefni. Guðmundur er handhafi gullmerkis félagsins. Hafsteinn sæmdi hann **silfurmerki ÍSÍ.**

## **2. Helga Jóhannsdóttir, gjaldkeri stjórnar Ungmennafélags Íslands (UMFÍ)**

Kæru félagar, það er mér sönn ánægja að vera hér í kvöld og sjá þennan fína hóp sjálfboðaliða sem hér er kominn. Ég hefur verið gjaldkeri í stjórn UMFÍ á þriðja ár. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um UMFÍ en benti á skýrslu UMSK en í henni eru fjórar síður af starfsemi í UMFÍ og hvet fundarmenn til þess að skoða þær en þar kemur það helsta fram. Það hafa orðið breytingar innan UMFÍ. Ráðinn var nýr framkvæmdastjóri í sumar, Auður Þorsteinsdóttir sem er hér þingforseti. Síðan var farið í mikla stefnumótunarvinnu og munu niðurstöður hennar verða kynntar á vormánuðum, á vorþinginu. Ég held að það hafi verið mjög gott skref sem var stigið þar. Við heyrðum um landsmótin áðan. Unglingalandsmótið verður í Borgarnesi um verslunarmannahelgina, þarnæst verður unglingsmótið á Egilsstöðum. Síðan verður landsmót 50+ á Ísafirði í júní í sumar og næsta sumar verður það í Hveragerði. Ég hvetur ykkur til þess að sækja um aðild ef áhugi er fyrir því að halda annað hvort þessara móta á höfuðborgarsvæðinu. Bendi einnig á sjóðinn, fræðslu og verkefnasjóð UMFÍ skoða hann og athuga hvað er hægt að sækja um það er umsóknarfrestur til 1. apríl. Það er verið að lagfæra heimasíðu UMFÍ og þar verða ennþá betri upplýsingar í framtíðinni. Ég hvet ykkur til þess að leita aðstoðar og upplýsinga hjá UMFÍ, hvort þar sé ekki eitthvað hægt að nota það sem unnið hefur verið síðustu ár.

Í skýrslunni kemur fram að UMFÍ veitir tvö merki, starfsmerki og gullmerki. Stjórn UMFÍ hefur veitt mér þann heiður að veita þessi merki fyrir hönd UMFÍ.

Það eru fjórir sem fá starfsmerki og tveir sem fá gullmerki

### **Starfsmerki UMFÍ**

**Þórður S. Guðmundsson, Breiðabliki.** Þórður var fyrsti landsliðsmaður Breiðabliks í frjálsum íþróttum og vann marga glæsta sigra á hlaupabrautinni. Hann hefur verið í stjórn frjálsíþróttadeildarinnar og ýmsum nefndum á vegum félagsins um áratuga skeið. Þórður er heiðursbliki. Þórður var ekki mættur en Hannes Strange tók við **starfsmerki UMFÍ** fyrir hönd Þórðar.

**Hannes Strange, Breiðabliki.** Hannes hefur starfað lengi í stjórn frjálsíþróttadeildar þar á meðal þrjú ár sem formaður. Hannes hefur verið í aðalstjórn Breiðabliks frá árinu 2008, fyrst sem meðstjórnandi síðan sem varaformaður og nú síðustu tvö ár sem formaður.

**Helga sæmdi hann starfsmerki UMFÍ.**

**Sæmundur Hafsteinn Jóhannesson, Breiðabliki.** Hafsteinn var lengi mjög áberandi í Breiðabliki, fyrst sem öflugur keppandi í frjálsum íþróttum og síðar sem formaður deildarinnar um árabíl. Hann var kappsfullur og einbeittur í því sem hann tók sér fyrir hendur fyrir félagið. Hafsteinn er heiðursbliki. Hafsteinn var ekki mættur en sonur hans tók við **starfsmerki UMFÍ** fyrir hönd föðurs síns.

**Steinar Lúðvíksson, Breiðabliki.** Steinar er einn af stofnendum Sunddeildar Breiðabliks og var formaður deildarinnar á bernskuárum hennar. Steinar er ennfremur einn af frumkvöðlum Skíðadeildar Breiðabliks og var hann þar um langt árabíl í stjórn ásamt því að hafa umsjón með skíðaskála deildarinnar. Steinar er heiðursbliki.

**Helga sæmdi hann starfsmerki UMFÍ.**

## **Gullmerki UMFÍ**

**Snorri Olsen, Stjörnunni.** Snorri hefur um langt árabíl unnið ómetanlegt starf fyrir Stjörnuna og þar með íþrótt- og æskulýðsstarfið í Garðabæ. Snorri á djúpar rætur í starfi Stjörnunnar. Hann byrjaði eins og margir starfið í Stjörnunni þegar hann fylgdi dætrum sínum eftir í íþróttaiðkun. Mótahald yngri flokka handboltans var ofarlega á dagskrá um árabíl.

Snorri tók sæti í varastjórn Stjörnunnar á aðalfundi í apríl 1994 og sat því í stjórn félagsins í 17 ár, lengst af sem varaformaður og formaður en hann var kosinn formaður félagsins í september árið 2002. Snorri var formaður UMF Stjörnunnar í hartnær 9 ár, lengur en nokkur annar í sögu félagsins. Þá hefur Snorri setið áfrýjunardómstól ÍSÍ um árabíl.

Snorra hafa hlotnast margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín fyrir íþróttahreyfinguna s.s. Gullmerki Stjörnunnar 2008, félagsmálaskjöldur Stjörnunnar 2011, starfsmerki UMSK 2005, félagsmálaskjöldur UMSK 2008, silfurmerki UMSK 2011 og gullmerki ÍSÍ 2011.

**Helga sæmdi hann gullmerki UMFÍ.**

**Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu.** Valdimar hefur verið formaður UMSK frá 2000 og þar á undan var hann framkvæmdastjóri Aftureldingar og UMSE.

**Helga sæmdi hann gullmerki UMFÍ**

## **8. Álit kjörbréfanefndar**

Formaður kjörbréfanefndar, Birgir Bragason las upp kjörbréf aðildarfélaga.

49 félög eru aðildarfélög að UMSK og lögðu 20 félög fram kjörbréf samtals 72 þingfulltrúar mættir af 123 sem seturétt hafa á þinginu. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

## **9. Staðfesting á aðild nýrra félaga**

Valdimar Leó Friðriksson fór yfir umsóknir tveggja nýrra félaga að sambandinu. Stjórn UMSK hefur yfirfarið þau og staðfest og sömuleiðis hefur ÍSÍ samþykkt löggin. Óskað var eftir staðfestingu þingsins.

Félögin eru:

### **Krikkefélag Kópavogs**

Félagið heitir Krikkefélag Kópavogs. Heimilisfang og varnarþing er í Kópavogi.

Markmið félagsins er að standa fyrir æfingum og keppni í krikket, þróa íþróttina eftir bestu getu auk þess að kynna íþróttina fyrir almenningi á landsvísu og auka veg hennar í hvítvetna.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að standa fyrir útgáfu á kynningarefni um krikket og fræðslu á landsvísu. Félagið mun skipuleggja æfingar og keppni og skapa vettvang fyrir liðsmenn og áhugasama til að spila krikket allt árið um kring.

Formaður þess, Jakob Robertsson kynnti félagið.

Þingið staðfesti aðild félagsins.

### **Hjólreiðafélagið Þríhjól Kópavogi**

Félagið heitir Þríhjól. Heimilisfang og varnarþing er í Kópavogi.

Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum tækifæri til þess að iðka hjólreiðar og vinna að framgangi hjólreiða.

Formaður þess, Friðrik Guðmundsson kynnti félagið.

Þingið staðfesti aðild félagsins.

Félögin voru boðin velkomin í UMSK.

## **10. Umræður um skýrslu stjórnar**

Þingforseti opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar. Til máls tók eftirfarandi;

*Þorsteinn Þorbergsson, gjaldkeri Stjörnunnar og í varastjórn UMSK.*

Hann sá ástæðu til að koma upp og hvetja félagsmenn í UMSK til að vera með virkt starf og íhuga vel hlutverk UMSK á hverjum tíma. Oft á árum hér áður voru alltaf umræður um fjármuni og fjármagn og mér sýnist það stefni örlítið í ófni varðandi það að það sé ekki sótt nóg til UMSK um þátttöku í starfsemi bendi þá sérstaklega að benda á fræðslumál og það er hætt við því að innan UMSK fari að safnast sjóðir sem ekki eru nýttir sérstaklega sem tengist fræðslumálum og slíkri starfsemi og ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hvetja félagsmenn til þess að vera með virkt starf, sækja um og taka þátt í því starfi sem þar fer fram og eini tilgangurinn með því að ég kom hér upp var að eiga einhvers konar umræðu um þessa fjármuni, að menn sæki um í sjóðinn og kynni sér málið og eigi samskipti við framkvæmdastjórnann um þá valkosti sem í boði eru. Það er klárt mál að innan stjórnar Ungmennasambandsins er vilji til þess að auka þátttöku og stuðning við félögin innan UMSK hvað varðar fræðslumál sérstaklega, sem mér finnst þurfa að setja á oddinn, og stuðning við félagsþroska og annað slíkt innan íþróttahreyfingarinnar og til þess eru fjölda mörg tækifæri. Við höfum opnað á fullt af verkefnum sem hægt er að sækja um eða að fá styrk og kynningu á innan UMSK og ég bendi ykkur á að leita til framkvæmdastjórnans. Ég legg að öðru leiti til að reikningarnir verði samþykktir.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði.  
Hún var samþykkt samhljóma.

#### **11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga**

Þingforseti opnaði fyrir umræður um reikninga UMSK. Enginn kvaddi sér hljóðs.  
Þingforseti bar reikninga upp til samþykktar.  
Þeir voru samþykktir samhljóma.

#### **12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal þriggja manna kjörnefnd**

Engar nefndir sem stendur til að starfi á þinginu  
Sá liður er því afgreiddur.

#### **Tillögur lagðar fyrir þingið**

#### **13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.**

Tillaga nr. 1

Tillaga frá stjórn UMSK. Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri lagði fram tillöguna.

#### **92. ársþing UMSK haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 24. Febrúar 2016, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir UMSK 2015:**

#### **Tillaga að fjárhagsáætlun 2016 - Frá stjórn UMSK**

<b>Texti:</b>	<b>Áætlun 2015</b>	<b>Raun 2015</b>	<b>Áætlun2016</b>
<b>Tekjur:</b>			
Íslenskar Getraunir	1.900.000	1.551.185	1.500.000
Lottó ÍSÍ	27.500.000	29.831.867	30.000.000
Lottó UMFÍ	35.000.000	38.023.750	36.000.000
Skattar aðildarféлага	1.300.000	1.546.110	1.500.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	5.500.000	6.182.179	6.000.000
Aðrir styrkir og tekjur	1.500.000	803.200	1.000.000

<b>Tekjur samtals</b>	<b>72.700.000</b>	<b>77.938.291</b>	<b>76.000.000</b>
<b>Gjöld:</b>			
Lottó úthlutað til aðildarfélaga	49.500.000	53.214.555	53.000.000
Úthlutað úr Afreksmannasjóði	3.500.000	4.205.250	4.000.000
	53.000.000	57.419.805	57.000.000
<b>Laun:</b>			
Laun og launatengd gjöld	8.750.000	9.051.455	9.700.000
<b>Kostnaður vegna mótahalds:</b>			
Framtíðin	200.000	0	500.000
Héraðsmót	850.000	796.408	600.000
Skólahlaup UMSK	100.000	143.600	150.000
Unglingalandsmót	600.000	619.826	650.000
Verðlaun/viðurkenninga	100.000	207.320	200.000
Samtals	1.850.000	1.767.154	2.100.000
<b>Annar kostnaður:</b>			
Rekstur skrifstofu	1.220.000	856.155	1.160.000
Ferðakostnaður	50.000	289.320	200.000
Framlög og styrkir til félaga	1.250.000	592.500	1.000.000
Landsmótssjóður	250.000	1.000.000	500.000
Söguritunarsjóður	500.000	1.317.110	500.000
Húsaleiga	550.000	532.320	550.000
Húsnæðiskostnaður annar	30.000	0	25.000
Lögfræðikostnað		50.344	50.000
Veitingar, fundakostnaður	350.000	365.660	350.000
Þing og sérráð	1.000.000	1.011.286	1.000.000
Umhverfissjóður UMFÍ	230.000	0	0
Útgáfa	150.000	0	150.000
Fræðslumál	1.000.000	266.740	1.000.000
Samtals	6.580.000	6.281.435	6.485.000
	70.180.000	77.289.869	75.285.000

Þingforseti gaf orðið laust um fjárhagsáætlunina.

Þingforseti bar fjárhagsáætlun undir atkvæði.  
Hún var samþykkt samhljóma.

Hér var tekið 30 mín. þinghlé og fundarmönnum boðnar veitingar.

Gerð var dagskrárbreyting og settur inn liðurinn afhending viðurkenninga

#### **Viðurkenningar á 92. ársþingi UMSK:**

Næst var afhending viðurkenninga til afreksmanna á sviðum íþróttá- og félagsmála.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður og Lárus B. Lárusson afhentu eftirtaldar viðurkenningar:

## **Afhending viðurkenninga**

### **Starfsmerki UMSK:**

**Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.**

### **Eftirtaldir aðilar hljóta starfsmerki UMSK:**

**Gunnar Örn Egilsson, Stjórnunni.** Gunnar Örn hefur um langt árabíl unnið að málefnum handboltans í Stjórnunni og leitt starf deildarinnar sem formaður síðustu tvö ár.

**Hilmar Júlíusson, Stjórnunni.** Hilmar hefur verið í framvarðarsveit körfuboltans í Stjórnunni í áratug, fyrst sem formaður barna- og unglingaráðs og svo síðustu fjögur ár hefur hann leitt starf körfuknattleiksdeildar Stjórnunnar sem formaður.

**Ólafur Reimar Gunnarsson, Stjórnunni.** Ólafur Reimar var á sínum tíma formaður knattspyrnudeildar Stjórnunnar og sat í Vallarnefnd félagsins um árabíl. Ólafur er einn af þeim sem er alltaf boðinn og búinn til aðstoðar ef til hans er leitað.

**Sæmundur Friðjónsson, Stjórnunni.** Sæmundur hefur setið í stjórn knattspyrnudeildar Stjórnunnar frá hausti 2011 og stýrt meistaraflokksráði karla allan þann tíma. Sæmundur lék 36 leiki með meistaraflokki Stjórnunnar í knattspyrnu á árunum 1996-2000.

**Magnús Karl Daníelsson, Stjórnunni.** Kalli Dan, eins og hann er kallaður, hefur um langt árabíl verið einn af ötulustu sjálfboðaliðum handknattleiksdeildar Stjórnunnar. Það er sama hvort um er að ræða undirbúning leikja meistaraflokkanna, liðsstjórn, herrakvöld eða hvaða verkefni sem sinna þarf, Kalli er þar alltaf fremstur meðal jafningja.

**Valgeir Sigurðsson, Stjórnunni.** Valgeir hefur um langt árabíl komið að öflugum starfi yngri flokka Stjórnunnar í knattspyrnu. Hann lét nýverið af formennsku í barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar eftir að hafa leitt það starf frá því í ársbyrjun 2010 ásamt því að sitja í stjórn deildarinnar.

**Linda B. Gunnlaugsdóttir, Spretti.** Linda var formaður félagsins frá árinu 2013-2015. Á hennar vakt var mikil framtíðarmótun og uppbygging í félaginu. Linda kom að stofnun áhugamannadeildar í hestaíþróttum.

**Þorvaldur Sigurðsson, Spretti.** Þorvaldur var í fyrstu stjórn Sprettis og var í samninganefndum á vegum félagsins þegar uppbygging svæðisins stóð sem hæst. Þorvaldur hefur verið formaður metamótsnefndar Sprettis.

### **Silfurmerki UMSK:**

**Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.**

### **Eftirtaldir aðilar hljóta silfurmerki UMSK:**

**Ásta Sigrún Gylfadóttir, HK.** Ásta S. Gylfadóttir er næstum orðin þjóðsaga í íslenskum blakheimi. Í árafjöld var hún yfirþjálfari hjá barna- og unglingaráði HK og kenndi þar ungum og upprennandi blakbörunum fyrstu skrefin með umhyggju, ást og óbilandi þolinmæði. Kærleiksríkt utanumhald hennar hélt áfram þó börnin yrðu stór og sem stjórnarmaður í blakdeild HK og um tíma formaður

deildarinnar, fylgdi hún iðkendum alla leið upp í meistaraflokka og er starf hennar fyrir blakdeild HK algerlega ómetanlegt. Vegna þess hversu hlý og búngóð hún hefur reynst þeim sem til hennar leita og ekki síður þar sem hún hefur alið af sér fjögur börn sem öll hafa orðið landliðsmenn í blaki og/eða strandblaki þá hefur hún fengið viðurnefnið „Mamma blak“ og nær það langt út fyrir raðir HK.

**Sigurjón Valdimarsson, Breiðabliki.** Sigurjón spilaði knattspyrnu í meistaraflokki Breiðabliks hér á árum áður. Einnig fékkst hann við þjálfun og sat síðar í stjórn deildarinnar. Sigurjón sat einnig í aðalstjórn og var formaður aðalstjórnar Breiðabliks um tveggja ára skeið. Auk þessa hefur hann verið skoðunarmaður reikninga félagsins í á annan áratug.

**Indriði Jónsson, Breiðabliki.** Indriði hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf við að byggja upp og stýra karatedeild Breiðabliks. Hann hefur komið að stjórnun og uppbyggingu deildarinnar fyrst sem gjaldkeri og síðar formaður í hartnær 20 ár. Hann sat meðal annars í stjórn Karetessambands Íslands bæði sem gjaldkeri og í mótanefnd í nokkur ár.

**Þorsteinn hilmarrson, Breiðabliki.** Þorsteinn lék knattspyrnu með Breiðabliki um árabíl og var meðal annars fyrirliði 5. fl.karla sem landaði fyrsta Íslandsmeistaratitli knattspyrnudeildarinnar árið 1973. Þorsteinn lék um árabíl með meistaraflokki félagsins og tók jafnframt virkan þátt í starfi deildarinnar. Hann stýrði getraunastarfi um langt árabíl, var skoðunarmaður reikninga deildarinnar og síðar einnig aðalstjórnar félagsins um áratuga skeið. Þorsteinn átti ennfremur sæti í stjórn knattspyrnudeildar í nokkur ár sem gjaldkeri. Og nú er fátt eitt nefnt. Þorsteinn er handhafi gullmerkis Breiðabliks.

**Tryggvi Þorsteinsson, Aftureldingu.** Yfir samfellt 10 ára tímabil hefur Tryggvi unnið sem sjálfbóaliði í knattspyrnudeild Aftureldingar. Fyrst sem stjórnarmaður í barna- og unglíngaráði, síðan sem stjórnarmaður í meistaraflokksráði kvenna og samhliða þeim störfum sem stjórnarmaður í aðalstjórn knattspyrnudeildar Aftureldingar. Hann hefur verið mjög virkur í þessum stjórnnum og unnið hörðum höndum við samningagerðir fyrir félagið, hvort sem um er að ræða samninga innan félagsins, samninga við Mosfellsbæ eða styrktarsamninga fyrir félagið. Þar hefur hann spilað stórt hlutverk og verið fremstur í flokki við að landa góðum samningum fyrir knattspyrnudeildina.

**Sigríður Bjarnadóttir, Íþróttafélaginu Glóð.** Sigríður er stofnfélagi Glóðar. Hún hefur verið í íþróttanefnd Glóðar í sjö ár og síðustu árin sem formaður nefndarinnar. Hún hefur sinnt því starfi af alúð og kostgæfni. Áður var hún formaður Glóðar í rúm þrjú ár og tók þátt í að ryðja þá braut sem Glóð hefur rutt í samfélaginu. Sigríður var hvatamaður að því að innleiða ringó sem keppnisgrein á Landsmóti og hefur lagt mikla vinnu við að halda utan um þennan þátt í starfsemi Glóðar. Sigríður er áhugasöm um heilbrigða elli – vinnusamur og heiðarlegur starfsmaður og fer ekki í manngreinarálit. Hún er því vel að þessari viðurkenningu komin.

#### **Gullmerki UMSK:**

**Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.**

**Eftirtaldir aðilar hljóta gullmerki UMSK:**

**Jón Ingi Ragnarsson, Breiðabliki.** Jón Ingi er einn af upphafsleikmönnum Breiðabliks í knattspyrnu og lék með meistaraflokki um árabíl. Að loknum keppnisferli sneri hann sér að þjálfun og félagsstörfum. Hann sat um árabíl í stjórn knattspyrnudeildar, meðal annars sem formaður. Jón Ingi átti einnig sæti í aðalstjórn Breiðabliks á annan áratug, lengst af sem varaformaður. Jón Ingi er heiðursbliki.

**Anna Ragnheiður Möller, Stjörnunni.** Anna hefur starfað fyrir Stjörnuna sem sjálfbóaliði í þrjá áratugi. Hún var um árabíl formaður fimleikadeildar og síðan formaður aðalstjórnar Stjörnunnar. Þá



hefur Anna átt sæti í undirbúningsnefnd Kvennahlaups í Garðabæ frá árinu 1992 og verið formaður nefndarinnar frá því að Stjarnan tók við framkvæmd hlaupsins af Garðabæ árið 2000. Anna á einnig sæti í Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ. Þá var hún um skeið framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands. Anna Ragnheiður Möller er í hópi mikilvægustu liðsmanna Stjörnunnar og er vel að viðurkenningunni komin.

#### **Afreksbikarar UMSK:**

#### **Viðurkenning til afreksmanna á sviðum íþrótt- og félagsmála.**

#### **Eftirtaldir aðilar hljóta afreksbikar UMSK:**

1. *Skíðabikar UMSK – Erla Ásgeirsdóttir, Breiðabliki*
2. *Frjálsíþróttabikar UMSK – Sindri Hrafn Guðmundsson, Breiðabliki*
3. *Dansbikarinn UMSK – Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir, HK*
4. *Sundbikar UMSK – Brynjólfur Óli Karlsson, Breiðabliki*
5. *UMFÍ bikarinn - Meistaraflokkur kvenna fimleikar Stjarnan*
6. *Fimleikabikarinn – Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerplu*

#### **Íþróttakarl UMSK – Jón Margeir Sverrisson, Kópavogi**

Jón Margeir náði frábærum árangri á liðnu ári. Hann varð Íslands- og bikarmeistari í fjölda greina auk þess að setja 7 ný Íslandsmet. Hann var í hörkuformi á opna þýska meistaramótinu um miðjan apríl þar sem hann vann til gullverðlauna í 200 og 400 metra skriðsundi og setti um leið tvö ný heimsmet. Á Heimsmeistaramótinu í Glasgow vann Jón Margeir til silfurverðlauna í 200 metra skriðsundi. Í lok ársins keppti hann svo á sterku mót í Sao Palo í Brasilíu þar sem hann vann til þriggja gullverðlauna. Jón Margeir er búin að tryggja sér þátttöku á Ólympíuleikum fatlaðra í Brasilíu 2016 og undirbýr sig nú af kappi fyrir þá keppni.

#### **Íþróttakona UMSK – Fanney Hauksdóttir, Gróttu**

Fanney byrjaði að æfa kraftlyftingar fyrir 4 árum eftir að hafa stundað fimleika í áraradír. Fanney varð Íslandsmeistari í bekkpressu í 63 kg flokki með 125 kg lyftu sem var jafnframt Íslandsmet. Hún varði heimsmeistaratitil sinn á HM unglunga sem fram fór í Svíþjóð og setti um leið nýtt heimsmet unglunga þegar hún lyfti 145,5 kg og Evrópumeistari í opnum flokki (flokk fullorðinna) á Evrópumótinu sem fram fór í Tékklandi. Þetta var hennar fyrsta mót í flokki fullorðinna og lyfti hún 147,5 kg sem var jafnframt nýtt heimsmet unglunga, en hún átti metið fyrir sjálf. Fanney setti Íslandsmet í opnum flokki í klassískri bekkpressu með því að lyfta 100 kg og varð þar með fyrsta íslenska konan til að lyfta þeirri þyngd. Með þessari lyftu sett hún jafnframt Norðurlandamet unglunga. Í lok árs var Fanney tilnefnd til íþróttamanns ársins af Samtökum íþróttafélaganna og endaði í 5. sæti í valinu. Fanney situr í 4. sæti á heimslista IPF í 63kg opnum flokki (flokk fullorðinna).

#### **Félagsmálaskjöldur – Guðmundur Oddsson GKG**

*(Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum).*

Guðmundur Oddsson er fyrrverandi skólustjóri í Kársnesskóla hefur alla tíð látið sér félagsmál mikils varða, bæði sem bæjarfulltrúi í Kópavogi sem og innan íþróttahreyfingarinnar en hann var formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks áður en hann tók við formennsku hjá Golfklúbbi Kópavogs og

Garðabæjar árið 2005. Guðmundur hefur því gegnt formannsstarfinu í rúm 10 ár en hann hætti formennskunni á síðasta aðalfundi GKG sem haldinn var núna í desember.

Óhætt er að segja að GKG hafi tekið stakkaskiptum þau ár sem Guðmundur var formaður. GKG hefur ávallt lagt áherslu á það að vera fjölskylduvænn íþróttaklúbbur frekar en hefðbundinn golfklúbbur. Afraksturinn af þessari stefnu er með ólíkindum en innan GKG æfir um þriðjungur þeirra barna og unglinga sem stunda íþróttina á Íslandi eða tæplega 600 einstaklingar en fjöldi golfklúbba á Íslandi eru 66. Þá er fjöldi barna og unglinga hjá GKG fleiri en í öllum hinum sex golfklúbbunum á Reykjavíkursvæðinu samtals.

#### 14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram

##### Tillaga nr. 2

Tillaga að breytingu á lögum UMSK - Frá stjórn UMSK  
Frummælandi er Magnús Gíslason, varaformaður

#### 92. ársþing UMSK haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 24. febrúar 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á lögum UMSK:

##### 2. *gr. Réttur til aðildar*

Rétt til aðildar í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfrækt eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands, Íþróttá- og *Ólympíu* sambands Íslands og starfa jafnframt í anda þeirra.

##### 6. *gr. Hlutverk héraðsþings*

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt ~~dóms- og refsiakvæðum ÍSÍ~~ *fjórða kafla um Dómstóla ÍSÍ í lögum ÍSÍ*. Héraðsþing ákveður aðildargjald félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og aðildargjaldið skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. júní ár hvert.

##### 9. *gr. Dagskrá héraðsþings*

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd *uppstillinganefnd*.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.

18. Önnur mál.

#### 11. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins *tveggja ára* í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Stjórninni er skylt að boða til fundar með formönnum aðildarfélaganna UMSK í september eða október ár hvert.

Þingforseti gaf orðið laust um laga- og reglugerðarbreytingarnar.

#### 1. Bergþóra Sigmundsdóttir, varaformaður GKG.

Ræddi um 9. gr. 12 lið, breytingu úr kjörnefnd í uppstillinganefnd, það er ekki gert ráð fyrir að hún starfi allt árið þannig að það þyrfti að breyta þessu. Einnig ræddi hún 11. gr. þar sem breyting er að formaður skuli kosinn til tveggja ára í senn en ekki eins árs í senn. Hún benti á að þingið gæti samþykkt lögina og kosið svo eftir nýju lögunum.

Þingforseti benti á að í 15. gr. Laga UMSK stendur:

„Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.“

#### 2. Þorsteinn Þorbergsson, Stjórnunni.

Vegna kosningu formanns til tveggja ára má þá ekki alveg eins kjósa formann til tíu ára 😊 Sammála Bergþóru varðandi 9. gr. 12. Lið. Það þyrfti að standa t.d. „starfar á milli þinga“

Þingforseta barst breytingartillaga frá Magnúsi Gíslasyni, varðandi 9. gr. 12 lið.

Tillagan hljóðar svo: Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ~~þar á meðal~~ **og einnig uppstillinganefnd sem starfar á milli þinga.**

Þingforseti bar nú upp lagabreytingar til samþykktar og bar upp hverja grein fyrir sig:

2. gr. „-og Ólympíu“ sem er orðalagsbreyting vegna breytingu laga ÍSÍ.

Samþykkt samhljóða.

6. gr. „fjórða kafli um Dómstóla ÍSÍ í lögum ÍSÍ“ sem er orðalagsbreyting vegna breytingu laga ÍSÍ.

Samþykkt samhljóða.

9. gr. 12. liður „og einnig uppstillinganefnd sem starfar á milli þinga“

Samþykkt samhljóða.

11. gr. „tveggja ára“

Samþykkt samhljóða.

Lögin borin upp í heild sinni til samþykktar.

Breytingar á lögum UMSK samþykkt samhljóða.

#### 15. Aðrar tillögur lagðar fram.

Ekkert var undir þessum lið, því engar aðrar tillögur voru lagðar fram.

## 16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Ekkert gert undir þessum lið, því að engar nefndir voru skipaðar á þinginu.

## 17. Afgreiðsla á álitum nefnda.

Ekkert gert undir þessum lið.

## 18. Önnur mál

### a) Kosnir fjórir í stjórn Afreksmannasjóðs

Tilnefningar eru komnar um þrjá aðila eða þau:

Bjarka Már Sveinsson, Aftureldingu, Ásu Ingu Þorsteinsdóttir, Gerplu og Kára Garðarsson, Gróttu. Þingforseti óskar eftir fleiri framboðum í nefndina. Tilnefning barst úr sal um Pál Grétarsson Stjórnumni.

Þingforseti gaf orðið laust og bað um orðið Ingi Þór Hermannsson, formaður golfklúbbsins Odds í Garðabæ. Hann langaði til að nota þetta tækifæri til að vekja athygli á verkefni sem þeim hefur verið falið sem er með stærri verkefnum sem hefur verið haldið innan vébanda UMSK. Það er Evrópumót kvennalandsliða í golfi sem verður haldið á Urriðavelli hjá Golfklúbbum Oddi í Garðabæ sumarið 2016. Þetta verður stærsta alþjóðlega golfmót sem haldið hefur verið á Íslandi fram til þessa. Á mótinu munu keppa fremstu áhugakylfingar kvenna í Evrópu ásamt okkar bestu konum. Búast má við um 120 keppendum frá um 20 þjóðlöndum ásamt fylgdarliði. Þetta er mikil viðurkenning fyrir íslenskt golf og mikil viðurkenning fyrir Urriðavöll. Þess má geta að hlutfall kvenna í Golfklúbbum Oddi er það hæsta á Íslandi eða um 40% félagsmanna í Golfklúbbum Oddi eru konur. Framundan er gríðalega skemmtilegt verkefni, þetta er mikil áskorun og mikið ánægjuefni að okkar klúbbur hafi verið valinn til þessa. Ingi Þór hvatti golfáhugamenn sem kunna að vera hér í salnum til þess að líta við. Mótið verður fyrstu vikuna í júlí.

## 19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitum

### a) Kosning formanns.

Í kjöri er Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu og var hann kosinn einróma. Skoðast hann því rétt kjörinn formaður UMSK til eins árs.

### b) Kosning tveggja stjórnarmanna.

Í kjöri eru Margrét Björnsdóttir, siglingafélaginu Ými og Lárus B. Lárusson, Gróttu og voru þau kosin einróma. Skoðast þau því rétt kjörin til næstu tveggja ára.

(Guðmundur Sigurbergsson og Magnús Gíslason sitja áfram, voru kosnir til tveggja ára árið 2014).

### c) Kosning þriggja manna í varastjórn.

Í kjöri eru Þorsteinn Þorbergsson, Stjórnumni, Helga Jóhannesdóttir, Aftureldingu og Sólveig Jónsdóttir, Gerplu.

Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í varastjórn til eins árs.

### d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Í kjöri voru þeir Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álftanesi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir skoðunarmenn.

Til vara er í kjöri Logi Kristjánsson, Breiðabliki og Ingi Þór Hermannsson, Golfklúbbum Oddi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir varamenn skoðunarmanna.

## 20. Þingslit

Nýkjörinn formaður, Valdimar Leó Friðriksson sleit þinginu formlega með kærnum þökkum fyrir það traust sem honum og öðrum stjórnarmönnum var sýnt með þessari kosningu. Valdimar þakkaði fyrir

gott, snökkt og málefnalegt þing. „Gaman að sjá hvað margir hafa gefið sér fært að mæta. Þetta eru orðin mjög stór og öflug samtök eins og við sjáum á fjöldanum. Takk kærlega fyrir kvöldið og góða heimkomu.“

Þingi slitið kl. 20:18

Þingritari,  
Margrét Björnsdóttir, ritari í stjórn UMSK